

Auka fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki mánudaginn 18. mars 2024 klukkan 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Viðauki I - fjárhagsáætlun 2024

Vegna fyrirhugaðrar lækkunar á gjaldskrá vegna sorphirðu og seyrulosunar. Hækkun á gjaldskrá 2024 verður 3,5% frá gjaldskrá 2023. Áður samþykkt hækkun verður felld úr gildi. Lækkun á tekjum liðsins 08-Hreinlætismál kr. 457.000 kr.

Vegna Gagnaveitu kemur til framlag frá Aðalsjóði um kr. 20.069.000. Sveitarfélagið rekur Gagnaveituna fyrstu fjóra mánuði ársins 2024.

Viðauki er samþykktur samhljóða.

2. Tilboð frá Mílu hf. í Gagnaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps

Lagt er fram kauptilboð frá Mílu hf. og drög að kaupsamningi. Gert er ráð fyrir að Míla hf. taki yfir réttindi og skyldur gagnaveitunnar frá og með 1. maí 2024.

Sala á Gagnaveitu Eyja- og Miklaholtshrepp er samþykkt samhljóða í sveitarstjórn, með vísan til fyrirbyggjandi gagna og ofangreinds viðauka við fjárhagsáætlun 2024.

Oddvita er falið að ganga frá sölunni fyrir hönd sveitarfélagsins.

3. Gjaldskrá

Áskorun barst sveitarfélögum vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024.

Í áskoruninni er því m.a. beint að sveitarfélögum að þau taki gjaldskrár sínar til endurskoðunar og að gjaldskrárhækkunum verði stillt í hóf eins og kostur er á samningstíma, ný undirritaðra kjarasamninga.

Þá er einnig nefnt í áskoruninni að sveitarfélög vinni að því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Í áskoruninni kemur fram að stefnt sé að því að útfæra leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsar frá og með ágúst 2024 til samningsloka, með aðkomu ríkis og sveitarfélaga.

Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi þess að sveitarfélög verði samstíga og sýni samstillt átak til að liðka fyrir gerð langtíma kjarasamninga til að kveða niður vexti og verðbólgu. Sveitarstjórn telur sig leiðandi í að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með greiðslum vegna ungbarna.

Oddvita var á síðasta fundi sveitarstjórnar falið að leggja mat á áhrif mögulegra gjaldskrárbreytinga á fjárhag sveitarfélagsins.

Oddviti leggur til að gjaldskrá sorphirðu og seyrulosunar verði breytt. Áður samþykkt hækkun fyrir árið 2024 verður felld út gildi. Hækkun á gjaldskrá 2024 verður 3,5% frá gjaldskrá 2023.

Ofangreind gjaldskrárbreyting er samþykkt samhljóða.

4. Breiðablik
Umræðu frestað.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:30.

Guðbjörg Gunnarsdóttir - sign

Herdís Þórðardóttir – sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Þróstur Aðalbjarnarson - sign

Sigurbjörg Ottesen - sign